



6. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, fimmtudaginn 12. desember 2019.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), og Erla Edvardsdóttir (EE)

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Afreks og styrktarsjóður - Úthlutun

Framkvæmdastjóri býinn að taka við umsóknum frá 18 manns. Afreks og styrktarsjóðsnefndin hittist á næstunni til að fara yfir umsóknirnar og úthluta styrkjum. Skipting á afreksstyrkjum til meistaraflokkanna rædd.

2. Fimleikadeild – óhapp.

Katrín Stefánsdóttir, stjórnarmeðlimur fimleikadeildar, ætlar að taka þetta mál að sér, hitta Ingibjörgu og Alexander, þjálfara fimleikadeildarinnar, og fara yfir málið, hvað kom fyrir o.s.frv.

3. Mfl.kvk handknattleik

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri hittu fulltrúa úr mfl.ráði kvenna síðastliðinn föstudag til að fara yfir stöðuna. Fjárhagsáætlun 2020 var samþykkt af öllum aðilum. Gjaldkeri kemur til með að hitta þau aftur í lok febrúar til að taka stöðuna.

4. Formannafundur

Ákveðið var að boða til formannafundar 16. janúar 2020 kl.18:00 í Vallarhúsinu að Varmá.

5. Rekstrarstyrkir

Framlag Mosfellsbæjar til Aftureldingar rætt en búið er að samþykja þá styrki. Samtals kemur Afturelding til með að fá 85.344.137 kr. í rekstrarstyrk á árinu.

Um áramót 2019/2020 var iðkendafjöldinn 1479, sem er 4.9% aukning milli áramóta.

Farið var yfir afslætti og stöðu deildanna hvað hann varðar.

Farið var yfir rekstrarstyrki Mosfellsbæjar til BUR. Samþykkt var að fimleikadeildin yrði sett sem 11 mánaða deild.

6. Önnur mál

Póstur frá Hjalta í Eldingu ræddur, en Hjalti ætlar sér að takmarka aðgang Aftureldingar í stöðinni.

Framkvæmdastjóri upplýsti bæjaryfirvöld um stöðuna og lýsti miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin. Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar hefur boðað fund í næstu viku.



Farið var yfir skuldarstöðu deilda/ráða við aðalstjórn.

Fundi slitið kl. 19:30

Erla Edvardsdóttir ritaði fundargerð.